



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12
415 Bolungarvík
nave@nave.is

Fornleifaskráning

*Fornleifaskráning vegna tveggja
jarðstrengja á Suðurlandi auk
vegbóta á Þorlákshafnarvegi*

Atli Rúnarsson

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Nóvember 2025

NV nr. 38-25

 NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA		Dagsetning Mán/ár: Nóvember 2025
Skýrsla nr: NV nr. 38-25	Verknúmer: 709	Dreifing: ☐ Opin ☐ Lokuð til: ☒ Háð leyfi verkkaupa
Upplag:	Verkstig: Loka	
Heiti skýrslu: Fornleifaskráning vegna tveggja jarðstrengja á Suðurlandi auk vegbóta á Þorlákshafnarvegi		Unnið fyrir: Landsnet hf. og Vegagerðina
Höfundur: Atli Rúnarsson og Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir		Verkefnastjóri: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir
Útdráttur Fornleifaskráning vegna tveggja jarðstrengja á Suðurlandi auk vegbóta á Þorlákshafnarvegi. Engar minjar fundust við áætlaða strenglög en 18 minjar voru skráðar við Þorlákshafnarveg og tengjast þær allar samgöngum og landbúnaði á svæðinu, fyrir utan tvo þjóðsagnastaði sem voru skráðir.		
Undirskrift verkefnastjóra: 		Yfirlit af: KSR

EFNISYFIRLIT

1.	Inngangur	5
2.	Skráningarsvæðið	5
3.	Aðferðafræði	6
3.1	Tilgangur fornleifaskráningar	6
3.2	Skráning fornleifa	8
4.	Framkvæmdasvæðið	8
4.1	Saga Valla.....	8
4.2	Saga Vorsabæjar.....	8
4.3	Saga Öxnalækjar	9
4.4	Saga Stóra Saurbæjar og Litla Saurbæjar	9
4.5	Saga Þúfu	10
4.6	Saga Kröggólfsstaða	10
4.7	Saga Vatna	10
4.8	Saga Núpa.....	11
4.9	Saga Eystri Þurá	12
4.10	Saga Ytri Þurá	12
4.11	Saga Þóroddsstaða	12
4.12	Saga Riftúns	13
4.13	Saga Bakka	13
4.14	Saga Hjalla	14
4.15	Saga Þorgrímsstaða	15
4.16	Saga Gerðakots.....	15
4.17	Saga Lækjar.....	15
4.18	Saga Efri Grímslækjar	16
4.19	Saga Ytri Grímslækjar	16
4.20	Saga Hrauns.....	17
4.21	Saga Breiðabólstaðar.....	17
4.22	Saga Þorlákshafnar	18
4.23	Saga Syðri -Brúar í Grímsnes og Grafningshreppi	19
5.	Fornleifaskrá.....	21
6.	Niðurstöður	39
6.1	Niðurstöður vegna tilefnis.....	40


7.	Heimildaskrá.....	42
8.	Kort.....	44

1. INNGANGUR

Að beiðni Rutar Kristinsdóttur hjá Landsneti hf. og Maríu Dís Ásgeirsdóttur hjá Vegagerðinni gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðra tveggja jarðstrengja á Suðurlandi auk fyrirhugaðra vegbóta á Þorlákshafnarvegi.

Um er að ræða tvö svæði þar sem fyrirhugað er að leggja jarðstreng, frá Írafossstöð að Selfossi, og svo frá Hveragerði til Þorlákshafnar.

Svæðið var gengið og minjar mældar upp. Vettvangsvinna fór fram dagana 22. október og 12. desember árið 2025 og var unnin af Atla Rúnarssyni, fornleifafræðingi hjá Náttúrustofu Vestfjarða, og sá hann einnig um skýrslu- og kortagerð.



Mynd 1. Staðsetning skráningarsvæðanna er merkt með gulum punktum.

2. SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Skráningarsvæðið var alls um 120ha að stærð. Selfosslínan er um 2 km á lengd sem samsvarar um 6 ha svæði sem verður að kanna fornleifar á. Lagnaleiðin frá Hveragerði að Þorlákshöfn er u.þ.b. 21 km að lengd og liggur meðfram Þorlákshafnarvegi að hluta til.

Deiliskipulag fyrir Þorlákshafnarveg liggur á milli Þorlákshafnar og Hveragerðis, frá gatnamótum Þrengslavegs í suðri og Hringvegi 1 í norðri. Fyrirhuguð leið er um 11,5 km löng og skoðað verður 30 m út frá miðlínu vegar í báðar áttir sem nema um 70 ha.

Þar sem Þorlákshafnarstrengurinn fylgir Þorlákshafnarvegi fellur athugunarsvæðið undir athugunarsvæði vegar, en þar sem strengurinn liggur ekki samsíða vegi verða skoðaðir 15 m út frá miðlínu strengs í báðar áttir. Samtals eru það um 114 ha sem þarf að kanna.



Mynd 2. Yfirlitsmynd af skráningarsvæðum eru merkt inn á kort með gulu. Til vinstri: Þorlákshafnarlína ásamt vegbótum á Þorlákshafnarvegi. Til hægri: Selfosslína.

Skráningarsvæðið fyrir vegbótum Þorlákshafnarvegar og Þorlákshafnarlínu náði yfir 24 jarðir í sveitafélaginu Ölfus og voru það Vellir, Vorsabær, Öxnalækur, Stóri Saurbær, Litli Saurbær, Þúfa, Kröggólfsstaðir, Vötn, Núpar, Eystri Þurá, Ytri Þurá, Þóroddsstaðir, Riftún, Bakki, Hjalli,

Þorgrímsstaðir, Gerðakot, Lækur, Efri Grímslækur, Ytri Grímslækur, Hraun, Breiðabólstaður og Þorlákshöfn.

Skráningarsvæðið við Selfoss línu er innan jarðarmarka Syðri-Brúar í Grímsnes og Grafningshreppi.

Fyrirliggjandi eru fornleifaskráningar sem ná yfir þau svæði sem lagnaleiðirnar og vegurinn liggur um. Eru það;

- *Fornleifaskráning í Hveragerði. 2. útgáfa*¹ sem var gerð af Fornleifastofnun Íslands árið 2002.
- *Fornleifaskráning á Suðurlandi vegna mats á umhverfisáhrifum Suðurlandsvegar*² sem var gerð árið 2008 af Fornleifafræðistofnunni.
- *Aðalskráning fornleifa í sveitarfélaginu Ölfusi: Áfangaskýrsla I*³ sem var gerð af Fornleifastofnun Íslands árið 2015.
- *Fornleifaskráning á áhrifasvæði Suðurlandsvegar. Deiliskráning í landi Hveragerðis*⁴ sem var gerð árið 2017 af Fornleifastofnun Íslands.
- *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla II*⁵ sem var gerð af Fornleifastofnun Íslands árið 2017.
- *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III – Seinna bindi*⁶ sem var gerð af Fornleifastofnun Íslands árið 2020. Sú skráning nær yfir það svæði þar sem vegurinn og lagnaleiðin liggur um.
- *Fornleifaskráning í landi Þorlákshafnar – Vettvangsskráning og söguágrip*⁷ sem var gerð árið 2021 af VG Fornleifarannsóknum.

3. AÐFERÐAFRÆÐI

Aðferðafræði rannsóknarinnar byggir fyrst og fremst á fornleifaskráningu á vettvangi en að auki var farið yfir helstu heimildir um jarðirnar, s.s. örnefnaskrár, túnakort, jarðabækur og annað sem getur gefið vísbendingar um fornminjar. Svæðið hafði áður verið skráð og var stuðst við þær skráningar. Allir minjastaðir voru skráðir og teknir voru staðsetningarpunktar á hverjum stað með Trimble Juno 5 uppmælitæki. Minjastöðum var lýst og ljósmyndir teknar af hverjum stað.

3.1 Tilgangur fornleifaskráningar

Í lögum um menningarminjar nr. 80 29. júní 2012 segir að lögin eigi að tryggja eftir föngum verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Eins eiga lögin að auðvelda aðgang að minjunum, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Þá er fornleifaskráning bundin skipulagsgerð skv. lögnum, en í 16. gr. segir:

¹ Elín Ósk Hreiðarsdóttir, 2002

² Bjarni F. Einarsson, 2008

³ Birna Lárusdóttir o.fl., 2015.

⁴ Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2017

⁵ Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl., 2017

⁶ Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl., 2020.

⁷ Hermann Jakob Hjartarson og Vala Garðarsdóttir. 2021.

Skýlt er að fornleifaskráning fari fram áður en gengið er frá svæðisskipulagi, aðalskipulagi eða deiliskipulagi eða endurskoðun þess og skal sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög standa straum af kostnaði við skráninguna.

Í 3. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum, vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri, tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita, vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra, virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum, þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð, áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum, haugar, dysjar og aðrir greftunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið, skipsflök eða hlutar þeirra.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Í 21. grein laga um menningarminjar segir:

fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Sú skylda hvílir á sveitarfélögum eða framkvæmdaaðilum að gera Minjavernd ríkisins viðvart ef fyrirsjáanlegt er að minjar spillist vegna hvers konar framkvæmda eða breyttrar landnotkunar (sjá 12.gr.).

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonunnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skýlt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands (24 gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að koma í veg fyrir að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða nauðsynjalausum. Fornleifaskráning nýtist við minjavörslu þegar ákveða á verndun á einstökum minjastöðum. Eins kemur hún að miklum notum vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Þá er hægt að taka tillit til minjanna við skipulagsgerð og nýta þær í rannsókn eða kynningarskyni. Með fornleifaskráningu má einnig stórlega minnka líkur á að fornleifar komi óvænt í ljós við framkvæmdir sem gæti leitt til tafa á viðkomandi verki.

3.2 Skráning fornleifa

Verkefnanúmeri er úthlutað af Minjastofnun Íslands og svæðið hefur verið merkt inn á vefsíða Minjastofnunar og skýrsla skráð þar sem og minjar sem mældar voru upp. Verkefnið fékk númerið 3508 og þar á eftir eru hlaupandanúmer rannsóknarinnar, dæmi: 3508-001.

4. FRAMKVÆMDASVÆÐIÐ

4.1 Saga Valla

Jörðin kemur fyrst fram í máldaga Vilchins biskups frá 1397 fyrir kirkjum í Skálholtsbiskupsdæmi þar er „Kirkia heilags Laurentij ad Reykium a land a Wollum firir .xxc.“⁸ Árið 1575 er jörðin nefnd í Gíslamáldaga og segir þar að „Kirkian ä Reijkium i Olvese. ä land ad Vollum fijrer xxc.“⁹

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 eru Vellir Reykjakirkjujörð. Þar segir; „Weller. Hjer hefur kirkja verið flutt frá Reykjum um 30 ára tíma, sjást enn merki til kirkjugarðs og leiða. Einn inn til kirkjutóftarinnar, hvar nú er ekert hús. Jörðin liggur í óskiftu landi jarðarinnar Reykja. Jarðardýrleiki xxc c og tíundast öngvum.“¹⁰

Í sóknarlýsingu Séra Jóns Matthíassonar frá árinu 1840 kemur fram um jarðir Reykjatorfunnar; „Þá til norðurs [frá Saurbæ, Yxnalæk og Ossabæ] Reykjakot í dalverpi. Það er haga- og kostajörð mikil. Austur með Reykjafjalli eru Reykir og Reykjahjáleiga, að gæðum og landsvíðáttu nokkuð rýrari. Þaðan í suður fyrir austan Varmá, mittlands í sveitinni, er Vellir og Kross, að gæðum í meðallagi.“¹¹

Árið 1847 er jörðin metin á 20 hundruð og í kirkjueign. Í neðanmálsgrein segir um Velli; „Jörð þessi er eigi nefnd í stólsjarðabókinni, en er þó líklega seld með Reykjum.“¹²

Á túnakorti frá 1918 segir að tún Valla séu 4,2 ha, 4/5 slétt og matjurtagarðar séu 984 m².¹³

4.2 Saga Vorsabæjar

Talið er að Vorsabær eða Ossabær eins og hann mun hafa verið kallaður sé nokkuð gamall bær þó ekki séu til miklar heimildir um bæinn. Líklegt er að hann hafi verið til á miðöldum og mögulega fyrr.

Hveragerðishreppur varð til árið 1946 við klofnun Ölfushrepps. Nafnið Hveragerði á upphaflegt nafn sitt á hverasvæði sem var í landi Vorsabæjar.¹⁴

Í jarðabók Árna og Páls segir svo um Vorsabæ; „Vorsabær kallast almennilega Ossabær. Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tiundast öngvum. Þó var hjer til forna stundum til fátækra nokkuð gildið. Þó var hjer til forna stundum til fátækra nokkuð gildið, so sem í tíundarnafni, og kallaðist jarðareyri; það er nú aldeilis aflagt í næstu 12 eður 14 ár, sem segir um Auðsholt.“¹⁵

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 var jörðin Vorsabær í bændaeygn og metin á 30 1/3 hundruð.¹⁶

⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn IV. bindi, 1947-1950, bls. 96.

⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XV. bindi, 1947-1950, bls. 643-644.

¹⁰ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 402.

¹¹ Árnæssýsla: Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfdan Jónsson. 1979, bls. 195.

¹² J. Johnsen, 1847, bls. 75.

¹³ Túnakort Þorlákshafnar, 1920.

¹⁴ Björn Pálsson, 1996, bls. 10.

¹⁵ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 415.

¹⁶ J. Johnsen, 1847, bls. 75.

Á túnakorti frá 1920 eru tún Vorsabæjar 5.2 ha á stærð, 4/5 slétt og matjurtargarðar 952 m² á stærð.¹⁷

4.3 Saga Öxnalækjar

Jarðarinnar er fyrst getið í Jarðaskiptabréfi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Gríms bónda Pálssonar frá 18. september 1501 á Mörduvöllum.¹⁸ Því næst í kaupmálabréfi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Kristínar Gottskálksdóttir frá 1508.¹⁹ Árið 1527 í sölubréfi, þar segir „Ögmundur biskup í Skálholti selr Erlendi lögmanni Þorvarðssyni tíu hundruð í jörðunni Reykjum í Mosfellssveit fyrir jörðina Öxnalæk í Ölfusi dómkirkjunni í Skálholti til handa.“²⁰

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Auxnalækur, kallast af sumum Uxalækur. Jarðardýrleiki óviss, því engin geldst hjer tíund af. Eigandinn biskupsstóllinn Skálholt.“²¹

Árið 1847 er Yxnalækur í bændaeign og metin á 22 hundruð.²²

Á túnakorti frá 1920 er tún Öxnalækjar 3 ha á stærð, þar af 4/5 slétt og matjurtargarðar 1350 m² á stærð.²³

4.4 Saga Stóra Saurbæjar og Litla Saurbæjar

Saurbær kemur fyrst fram í Vilchinsmáldaga frá 1397 þar sem kirkjan á Reykjum eigi „xxx. letorfs arliga j Saurbæar land.“²⁴ Jörðin kemur einnig fram í Gíslamáldaga frá um 1570.²⁵

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum. Eigandinn biskupsstóllinn Skálholt. [...] Saurbæjarhjáleiga hefur hjer verið í túninu, bygð fyrir innan 30 ára tíma, hefur í auðn legið undir eður yfir 20 ár. Landskuld vita menn ekki hvað há verið hefur, eður leigukúgildi hvað mörg. Aftur má hjer byggja, ef fólk tilfengist, og það þó alt fyrir heimabóndanum, sem til hjáleigunnar er lagt.“²⁶

Árið 1847 er Saurbær í bændaeign og metin á 26 hundruð.²⁷

Í Sunnlenskar byggðir III kemur fram að um 1850 var fjórði hlutinn úr Saurbænum gerður að sérstakri jörð sem hlaut nafnið Litli–Saurbær. Þar segir einnig að jörðin sé „26 hundruð að fornu mati. Á land upp á fjall, allt að afréttarmörkum, sæmilega gróið, góð sumarheit. Neðar er gamalt gróið hraun „heiði“, skjólsælt með grónum lautum. Bærinn stendur í hraunbrúninni.“²⁸

Á túnakorti Stóra Saurbæjar frá 1920 eru tún 2.5 ha á stærð, 4/5 sléttuð og stærð matjurtagarðar 1800 m².²⁹ Á Túnakorti Litla Saurbæjar (vestur parti) frá 1920 eru tún 1.7 ha á stærð, 2/3 sléttuð og stærð matjurtagarða um 643 m².³⁰ Á túnakorti Litla Saurbæjar (austur

¹⁷ Túnakort Vorsabæjar, 1920.

¹⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn VII. bindi, 1947-1950, bls. 583.

¹⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn VIII. bindi, 1947-1950, bls. 230.

²⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn IX. bindi, 1947-1950, bls. 440.

²¹ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 415.

²² J. Johnsen, 1847, bls. 75.

²³ Túnakort Yxnalækjar, 1920.

²⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn IV. bindi, 1947-1950, bls. 96-97

²⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn XII. bindi, 1947-1950, bls. 662

²⁶ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 416-417.

²⁷ J. Johnsen, 1847, bls. 75.

²⁸ Sunnlenskar byggðir III, 1983, bls. 351-352.

²⁹ Túnakort Stóri Saurbær, 1920.

³⁰ Túnakort Litli Saurbær vestur, 1920.

parti) frá 1920 segir „Túnið alsjett. Stærð 1.5 ha. Engin hús eða matjurtargarðar. (Notað af eigandanum Sig. Daníelss. Kolriðarhóli)“.³¹

4.5 Saga Þúfu

Jörðin Þúfa kemur fyrst fram í máldaga Vilchins biskups fyrir kirkjum í Skálholtsbiskupsdæmi frá árinu 1397.³² Árið 1501 er jarðarinnar getið í jarðaskiptabréfi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Gríms bónda Pálssonar á Mörduvöllum.³³ Árið 1510 í tylftardómi um eignaskipti Gríms Pálssonar og Þorvarðs lögmanns Erlendssonar. Þar segir; „*Enn hier i moti gaf grimur saugdum Þoruardi þessar jarðer fyrir sunnan lander suo heita. Breida Bolstad. Eya Læk. Þufuland. Grimslækur. Hraun.*“³⁴

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Jarðardýrleiki x c og so tíundast fjórum tíundum.“³⁵ Árið 1847 er Þúfa í bændaeign og metin á 10 hundruð.³⁶

Á túnakorti Þúfu frá 1920 eru tún 5.6 ha á stærð, þar af 4/5 sléttuð og stærð matjurtagarðar 1485 m².³⁷

4.6 Saga Kröggólfsstaða

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum, en áður alt til 12 eður 14 ára hefur hjer goldið verið 12 fiskar árlega í tíundar nafni til fátækra innanhreppsmanna, og voru þessi útlát kölluð jarðareyrir.“³⁸

Árið 1847 eru Kröggólfsstaðir í bændaeign og metin á 32 ½ hundruð.³⁹

Í örnefnaskrá Kröggólfsstaða segir um jarðirnar Kröggólfsstaði, þúfu og Vötn; „Kröggólfsstaðatorfan. Jarðirnar í henni eru: Kröggólfsstaðir, þúfa og Vötn, auk þess voru hjáleigur á Kröggólfsst. og Þúfu (jarðab. Á.M). Hver jörð hafði sitt deilt tún og engi, en beitiland var óskipt. Hlutur Kröggólfsstaða var bestur, enda mun hún hafa verið talin aðaljörðin. Bærinn á Þúfu er norðaustur af Kröggólfsstöðum. Hann hefur staðið á sama stað. Heimvegi hefur verið breyttt, færður sunnar.“⁴⁰

Á túnakorti Kröggólfsstaða frá 1920 eru tún 5.1 ha á stærð, þar af 2/5 sléttuð og stærð matjurtagarðar 1752 m².⁴¹

4.7 Saga Vatna

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum, en áður alt til 12 eður 14 ára hefur hjer goldið verið 12 fiskar árlega í tíundar nafni til fátækra innanhreppsmanna, og voru þessi útlát kölluð jarðareyrir.“⁴²

³¹ Túnakort Litli Saurbær austur, 1920.

³² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn IV. bindi, 1947-1950, bls. 99.

³³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn VII. bindi, 1947-1950, bls. 583.

³⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn VIII. bindi, 1947-1950, bls. 321-322.

³⁵ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 417

³⁶ J. Johnsen, 1847, bls. 75.

³⁷ Túnakort Þúfu, 1920.

³⁸ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 418.

³⁹ J. Johnsen, 1847, bls. 75.

⁴⁰ Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 1,3

⁴¹ Túnakort Kröggólfsstaða, 1920.

⁴² Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 419.

Árið 1847 eru Vötn í bændaeign og metin á 15 2/3 hundruð.⁴³

Í örnefnaskrá Kröggólfsstaða segir um jarðirnar Kröggólfsstaði, þúfu og Vötn; “Kröggólfsstaðatorfan. Jarðirnar í henni eru: Kröggólfsstaðir, Þúfa og Vötn, auk þess voru hjáleigur á Kröggólfsst. og Þúfu (jarðab. Á.M). Hver jörð hafði sitt deilt tún og engi, en beitoland var óskipt. Hlutur Kröggólfsstaða var bestur, enda mun hún hafa verið talin aðaljörðin. [...] Vötn: Bærinn á Vötnum stendur í Hraunjaðrinum, norður frá Kröggólfsstöðum. Núverandi íbúðarhús stendur skammt suðaustur af gamla bænum. Heimreið til suðausturs á svipuðum stað og nú. Vötn eru stundum í munni kunnugra nefndir.”⁴⁴

Á túnakorti Vatna frá 1920 eru tún 5.1 ha á stærð, þar af 2/3 sléttuð og stærð matjurtagarðar 1440 m².⁴⁵

4.8 Saga Núpa

Jarðarinnar er fyrst getið í Landnámu þar sem „Álfur hinn egski stökk fyrir Haraldi konungi af Ögðum úr Noregi; hann fór til Íslands og kom skipi sínu í ós þann, er við hann er kenndur og Álfsoðs heitir; hann nam lönd öll fyrir utan Varmá og bjó að Gnúpum.”⁴⁶

Núpur kemur fram í Vilchinsmáldaga frá 1397, þar segir „XCI. Gnwpár. Kirkia ad Gnupumm hins heilaga Pollaks a .xc. j heimalandi. viij. ær. rodukross oc annann til. kluckur .ij. oc er onnur brotin. kiertistikur .ij. alltaraklædi oc bryk. dvk. paxspialld eitt. Portio Ecclesiae vmm .iiij. ar .ix. aurar oc .iiij. alnar. Hefur Gudrydur oc Þorallr bondi hennar lated vppgiora ad ollu kirkiuna a fyrr greindum ärum. Hun a syna portionem vmm .vij. ar næstu halfur atiandi eyrer medann Þormodur hefr bved. Þar fylger Andres lykneski vmm þat framm sem adr er j maldagahennar oc alltarisdvukur.”⁴⁷

Jörðin kemur fram í Gíslamáldaga frá 1575, þar segir „CXC. Nupar. Hälfkirkian ä Nupum ä xc. i heimalande.”⁴⁸

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að “Munnmæli eru, að hjer hafi til forna kirkja verið, en engin sjást þess viss merki og [hdr.] eru því gátur einar. Jarðardýrleiki xxx c og so tíundast fjórum tíundum.”⁴⁹

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 eru Núpar í bændaeign og metin á 30 hundruð. Í neðanmálgrein segir að „Hreppstjóri telur jörð þessa 18 h. að dýrleika.”⁵⁰

Í Sunnlenskar byggðir kemur fram að “Núpar er önnur af tveimur jörðum í Ölfusi sem nefndar eru í Landnámu. Það er allstór jörð, 18 hundruð að fornu mati, óskipt.”⁵¹

⁴³ J. Johnsen, 1847, bls. 75.

⁴⁴ Ö-Kröggólfsstaðatorfan, 1, 3

⁴⁵ Túnakort Vötn, 1920.

⁴⁶ Íslensk Fornrit I, bls. 390.

⁴⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn IV. bindi, 1947-1950, bls. 95-96.

⁴⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn XV. bindi, 1947-1950, bls. 643.

⁴⁹ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 420.

⁵⁰ J. Johnsen, 1847, bls. 75.

⁵¹ Sunnlenskar byggðir III, 1983, bls. 345.

Á túnakorti Núpa Vesturbæ frá 1920 er stærð túna samtals 6.2 ha, öll slétt og stærð matjurtagarða er 1448 m².⁵² Á túnakorti Núpa Austurpartur frá 1920 segir „Bærinn stendur á túni vesturpartsins. Stærð túnanna: 2.9 ha. Bæði túnin sljett. Stærð matjurargarða: 930 m².“⁵³

4.9 Saga Eystri Þurá

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum.“⁵⁴

Í Jarðatali Johnes frá árinu 1847 er Eystri-Þurá í bændaeign og metin á 30 1/3 hundruð.⁵⁵

Árið 1801 er komið tvíbýli á Eystri Þurá, þá Norðurbær og Frambær; „Öll Eystri-Þurá var 30 hundraða jörð... tvíbýlið þegar komið á árið 1801 en þá eru jarðirnar nefndar Þóroddsá. Jarðabókin 1708 talar hins vegar um Eystri-Þurá og Ytri-Þurá.“⁵⁶

Á túnakorti Eystri Þurá (Frambær) frá 1920 er stærð túnsins 2.3 ha, þar af 5/6 slétt og stærð matjurtagarða 1218 m².⁵⁷ Á túnakorti Eystri Þurá (Norðurbær) frá 1920 er stærð túnsins 2.9 ha, þar af 2/3 slétt og stærð matjurtagarða 776 m².⁵⁸

4.10 Saga Ytri Þurá

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Jarðardýrleiki xx c og so tíundast fjórum tíundum.“⁵⁹

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 er Ytri-Þurá í bændaeign og metin á 20 hundruð. Í neðanmálgrein segir að „Hreppstjóri telur jörðina aðeins 10 h.“⁶⁰

Á túnakorti frá 1920 er tún Ytri Þurár 2 ha á stærð, þar af 4/5 slétt og matjurtargarðar 936 m² á stærð.⁶¹

4.11 Saga Þóroddsstaða

Jörðin kemur fyrst fram í sölubréfi frá 1502 þar sem „Stephán Biskup í Skálholti selr Þorvarði lögmanni Erlendssyni jarðirnar Árbæ, Fossnes og Þórisstaði í Ölvesi fyrir jarðirnar Traðarholt og hálf Langholt í Flóa.“⁶² Árið 1546 kemur jörðin fram í bréfi þar sem „Erlendr lögmaðr Þorvarðsson gefr í vald Gizurar biskups jarðirnar Árbæ, Þórisstaði og Fossnes í Ölvisi, svo og rekann á Skeiði fyrir Hraunslandi.“⁶³ Af bréfi Gissurar til Erlends 6. desember 1547 kemur fram að um er að ræða Þórisstaði í Hjallasókn.⁶⁴

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Þórustader kallast jörðin almennileg, aðarir nefna og skrifa Þóresstader, nokkrir skrifa og Þóroddstader, alt er hið sama. Jarðardýrleiki xv c og so tíundast fjórum tíundum.“⁶⁵

⁵² Túnakort Núpa Vesturbær, 1920.

⁵³ Túnakort Núpa Austurpartur, 1920.

⁵⁴ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 421.

⁵⁵ J. Johnsen, 1847, bls. 75.

⁵⁶ *Sunnlenskar byggðir III*, 1983, bls. 343.

⁵⁷ Túnakort Eystri Þurá (Frambær), 1920.

⁵⁸ Túnakort Eystri Þurá (Norðurbær), 1920.

⁵⁹ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 421.

⁶⁰ J. Johnsen, 1847, bls. 75.

⁶¹ Túnakort Ytri Þurár, 1920.

⁶² *Diplomatarium Islandicum* - Íslenskt fornbréfasafn VII. bindi, 1947-1950, bls. 622

⁶³ *Diplomatarium Islandicum* - Íslenskt fornbréfasafn XI. bindi, 1947-1950, bls. 472.

⁶⁴ *Diplomatarium Islandicum* - Íslenskt fornbréfasafn XI. bindi, 1947-1950, bls. 580-581.

⁶⁵ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 422-423.

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 eru Þóroddstaðir (Þórustaðir) í bændaeygn og metin á 16 1/3 hundruð. Í neðanmálgrein segir að „Er eigi talin í stólsjarðabókinni, en þó seld (1788) sem stólsjörð, en 2 kús., fyrir 113 rd. 27 sk. Uppboðsbókin yfir stólsjarðirnar í Árnessýslu nefnir jörð þessa Þórustaði ytri, en 491 Þórustaði eystri.“⁶⁶

Á túnakorti frá 1920 er tún Þóroddsstaða (Austurpartur) 1.8 ha á stærð, þar af 3/4 slétt og matjurtargarðar 814 m² á stærð. Þar kemur einnig fram að stærð nátthagans sé 0.4 ha á stærð og þar af 1/2 slétt.⁶⁷ Á túnakorti Þóroddsstaða (Vesturpartur) er stærð túnsins 1.9 ha á stærð, þar af 2/3 slétt og matjurtargarðar 1051 m² á stærð. Þar kemur einnig fram að stærð nátthagans sé 0.1 ha á stærð.⁶⁸

4.12 Saga Riftúns

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Riftún kallað almennilega. Nokkrir kalla Vijgtun. Annað býli Partur úr heimajörðunni, bygt fyrir 30 árum, innan 40 eður yfir. Jarðardýrleiki v c og so tíundast fjórum tíundum í næastliðin 7 ár. Áður var það kölluð hjáleiga, og var þá dýrleikinn talinn í heimajörðinni sjálfri Þórustöðum, og hún þá kölluð xx c öll.“⁶⁹

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 er Riftún í bændaeygn og metin á 30 hundruð. Í neðanmálgrein segir að „Eigi heldur þessarar jarðar getur stólsjarðabókin, en seld er hún, sem eyði-stólsjörð (1798), með hér greindum dýrleika og lsk., fyrir 67 rd. Hreppstjórinn telur hana 10 h. dýrleika.“⁷⁰

Á túnakorti frá 1920 er tún Riftúns 2.3 ha á stærð, þar af 8/9 slétt og matjurtargarðar 1760 m² á stærð.⁷¹

4.13 Saga Bakka

Jarðarinnar er fyrst getið í Máldaga Vilchins Biskups fyrir kirkjum í Skálholtsbiskupsdæmi frá árinu 1397, þar segir; „Kirkja hins heilaga Olafs kongs að Hialla j Olvesi a landid a Backa.“⁷² Árið 1400 kemur jörðin fram í máldaga og landamerkjaskrá Hjallakirkju í Ölfusi.⁷³ Í Gíslamáldaga frá 1575 á kirkjan í Ölfusi landið Bakka.⁷⁴

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Jarðardýrleiki óviss, því engin geldst hjer tíund af. Eigandinn er kirkjan, sem stendur á eign Guðmundar Sigurðssonar á Álftanesi eður hans kvinnu, Hjalla í Ölvesi.“⁷⁵

Árið 1847 er Bakki í Hjallakirkjueign og metin á 20 hundruð.⁷⁶

Í örnefnaskrá Bakka segir segir að „Bakki er hluti af Hjallatorfu, með sameiginlegum landamerkjum út á við, og sameiginlegu beitolandi á miklu leyti.“⁷⁷ Í Örnefnaskrá Hjallatorfunnar segir „Bæirnir í Hjallahverfi standa í hvirfing undir hlíðinni og út frá henni, og er Hjalli í miðju

⁶⁶ J. Johnsen, 1847, bls. 75.

⁶⁷ Túnakort Þóroddsstaðar (Austurpartur), 1920.

⁶⁸ Túnakort Þóroddsstaðar (Vesturpartur), 1920.

⁶⁹ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 423.

⁷⁰ J. Johnsen, 1847, bls. 76.

⁷¹ Túnakort Riftúns, 1920.

⁷² Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn IV. bindi, 1947-1950, bls. 97.

⁷³ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn IV. bindi, 1947-1950, bls. 243-244.

⁷⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn XV. bindi, 1947-1950, bls. 642-643.

⁷⁵ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 424.

⁷⁶ J. Johnsen, 1847, bls. 76.

⁷⁷ Örnefnaskrá - Bakki, 1968, bls. 1.

hverfinu. Tún hverrar jarðar er kringum bæinn eða út frá honum á eina hlið. [...] Hjallahverfi og Bakki kallast til samans Hjallatorfa.”⁷⁸

Á túnakorti Bakka (Vesturbær) frá 1920 er túnið 2.4 ha á stærð, þar af 5/6 slétt og matjurtargarðar 896 m² á stærð.⁷⁹ Á túnakorti Bakka (Austurbær) er stærð túnsins 2.3 ha á stærð, þar af 5/6 slétt og matjurtargarðar 750 m² á stærð.⁸⁰

4.14 Saga Hjalla

Jarðarinnar er fyrst getið í Flóamannasögu. Þar segir; „[Þorgils Örrabeinsstjúpr, Þóroddr bóndi á Hjalla og Bjarni bóndi hinn spaki deyja] Váru þeir allir jarðaðir at þeiri kirkju, er Skapti lét gera fyrir utan lækinn, en síðan váru færð bein þeira í þann stað, er nú stendr kirkjan, því at Skapti hét at gera kirkju, þá er Þóra [Steinsdóttir k.h.] braut fót sinn, þá er hon var at léreptum sínum.”⁸¹

Jarðarinnar er getið kirknaskrá Páls biskups Jónssonar um kirkjur í Skálholtsbiskupsdæmi frá um 1200.⁸² Jörðin kemur fram í Máldaga Vilchins Biskups fyrir kirkjum í Skálholtsbiskupsdæmi frá árinu 1397, þar segir; „Kirkjia hins heilaga Olafs kongs ad Hialla j Olvesi a landid a Backa.”⁸³ Árið 1400 kemur jörðin fram í máldaga og landamerkjaskrá Hjallakirkju í Ölfusi.⁸⁴ Árið 1549 kemur jörðin fram í þar sem afhending Hjallakirkju í Ölfusi er lýst. Þar segir; „Anno m vc xl. ix so miked afhendte Eyolfur Jonsson syne sijnum Pale Eyolfssyne med kirkiunne. vij kyr. ij asaudar kugillde. ij naut tuævetur. messuklæde. kalek. kluckur. ij.”⁸⁵ Í Gíslamáldaga frá 1575 á kirkjan í Ölfusi landið Bakka.⁸⁶

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Kirkjustaður. Tíður veitir þar þriðja hvon helgan dag presturinn að Arnarbæli, og þangað er hún annæteruð. Jarðardýrleiki lx c og so tíundast fjórum tíundum.”⁸⁷

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 er Hjalli í bændaeygn og metin á 20 hundruð. Í neðanmálgrein segir að „Hjalla, með hjáleigunum, telja jarðavækurnar 60 h. að dýrleika, með 2 h 80 al. Isk.; A.M. með 12 ½ kúg. og eigi kirkjan þaraf 10, er kúgildin á Bakka sé talin með, en jb. 1760 með 16 kúg. Á hjáleigunum er Isk. og kúg. talin eptir A.M., og þar að auki Móakot, með 40 al Isk. 2 kúg., en þessarar hjáleigu er eigi getið af presti né hreppstjóra. Að Þorgrímsstaðir áður hafi verið konungs eign (set, eptir 1643) sést af M.Ketils. II. bls. 379 og 436.”⁸⁸

Á túnakorti Hjalla frá 1920 er túnið 6.6 ha á stærð, þar af 9/10 slétt og matjurtargarðar 3442 m² á stærð.⁸⁹

Í Örnefnaskrá Hjallatorfunnar segir “Bæirnir í Hjallahverfi standa í hvirfing undir hlíðinni og út frá henni, og er Hjalli í miðju hverfinu. Tún hverrar jarðar er kringum bæinn eða út frá honum

⁷⁸ Örnefnaskrá – Hjallahverfi, 1968, bls. 1.

⁷⁹ Túnakort Bakka (Vesturpartur), 1920.

⁸⁰ Túnakort Bakka (Austurpartur), 1920.

⁸¹ Flóamannasaga, Íslenskt Fornbréfasagn XIII, bls. 325-326.

⁸² Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn XII. bindi, 1947-1950, bls. 8.

⁸³ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn IV. bindi, 1947-1950, bls. 97.

⁸⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn IV. bindi, 1947-1950, bls. 243-244.

⁸⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn XI. bindi, 1947-1950, bls. 740.

⁸⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn XV. bindi, 1947-1950, bls. 642-643.

⁸⁷ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 425.

⁸⁸ J. Johnsen, 1847, bls. 76.

⁸⁹ Túnakort Hjalla, 1920.

á eina hlið. [...] Hjallahverfi og Bakki kallast til samans Hjallatorfa [...] Hjalli stendur nokkuð frá fjallshlíðinni, á hæð nokkurri, örlítið hærra en hinir bæirnir.”⁹⁰

4.15 Saga Þorgrímsstaða

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Þorgrímsstader, hjáleiga af heimajörðunni, bygð fyrir manna minni. Jarðardýrleikinn kallaður x c, áðurtalinn í heimajörðunni.”⁹¹

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 eru Þorgrímstaðir ein af hjáleigum Hjalla og metin á 10 hundruð.⁹²

Í Örnefnaskrá Hjallatorfunnar segir “Bæirnir í Hjallahverfi standa í hvirfing undir hlíðinni og út frá henni, og er Hjalli í miðju hverfinu. Tún hvernar jarðar er kringum bæinn eða út frá honum á eina hlið. [...] Hjallahverfi og Bakki kallast til samans Hjallatorfa [...] Þorgrímsstaðir stóðu austur frá Bjarnastöðum, fyrir botni Bæjarlækjar.”⁹³

Á túnakorti Þorgrímsstaða frá 1920 er túnið 2.2 ha á stærð, þar af 5/6 slétt og matjurtargarðar 876 m² á stærð.⁹⁴

4.16 Saga Gerðakots

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Gerdakot, fjórða hjáleiga, bygð fyrir manna minni. Jarðardýrleikinn talinn í heimajörðinni.”⁹⁵

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 er Gerðakot ein af hjáleigum Hjalla og metin á 10 hundruð.⁹⁶

Í Örnefnaskrá Hjallatorfunnar segir “Bæirnir í Hjallahverfi standa í hvirfing undir hlíðinni og út frá henni, og er Hjalli í miðju hverfinu. Tún hvernar jarðar er kringum bæinn eða út frá honum á eina hlið. [...] Hjallahverfi og Bakki kallast til samans Hjallatorfa [...] Gerðakot er sunnan þjóðvegarins og austan lækjarins. Gerðakotstún er allt í kringum bæinn, Norðurtún norðan bæjar og Framtún fyrir sunnan bæinn.”⁹⁷

Á túnakorti Gerðakots frá 1920 er túnið 1.8 ha á stærð, þar af 5/6 slétt og matjurtargarðar 840 m² á stærð.⁹⁸

4.17 Saga Lækjar

Árið 1510 í tylftardómi um eignaskipti Gríms Pálssonar og Þorvarðs lögmanns Erlendssonar. Þar segir; Enn hier i moti gaf grimur saugdum Þoruardi þessar jarðer fyrir sunnan lander suo heita. Breida Bolstad. Eya Læk. Þufuland. Grimslækur. Hraun.”⁹⁹

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Lækur, fimta hjáleiga, bygð fyrir manna minni. Dýrleikinn áðurtalinn í heimajörðunni ut supra.”¹⁰⁰

⁹⁰ Örnefnaskrá – Hjallahverfi, 1968, bls. 1.

⁹¹ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 426.

⁹² J. Johnsen, 1847, bls. 76.

⁹³ Örnefnaskrá – Hjallahverfi, 1968, bls. 1 og 3.

⁹⁴ Túnakort Þorgrímsstaða, 1920.

⁹⁵ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 427.

⁹⁶ J. Johnsen, 1847, bls. 76.

⁹⁷ Örnefnaskrá – Hjallahverfi, 1968, bls. 1-2.

⁹⁸ Túnakort Gerðakots, 1920.

⁹⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn VIII. bindi, 1947-1950, bls. 321-322.

¹⁰⁰ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 427.

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 er Lækur ein af hjáleigum Hjalla og metin á 10 hundruð.¹⁰¹

Í Örnefnaskrá Hjallatorfunnar segir “Bæirnir í Hjallahverfi standa í hvirfing undir hliðinni og út frá henni, og er Hjalli í miðju hverfinu. Tún hverrar jarðar er kringum bæinn eða út frá honum á eina hlið. [...] Hjallahverfi og Bakki kallast til samans Hjallatorfa [...] Lækur er vestan Bæjarlækjar, vestur frá Hjalla”¹⁰²

Á túnakorti Lækjar frá 1920 er túnið 2.6 ha á stærð, þar af 5/6 slétt og matjurtargarðar 752 m² á stærð.¹⁰³

4.18 Saga Efri Grímslækjar

Jarðarinnar er fyrst getið í Jarðaskiptabréfi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Gríms bónda Pálssonar frá 18. september 1501 á Mörduvöllum.¹⁰⁴ Árið 1510 í tylftardómi um eignaskipti Gríms Pálssonar og Þorvarðs lögmanns Erlendssonar. Þar segir; „*Enn hier i moti gaf grimur saugdum Þoruardi þessar jarðer fyrir sunnan lander suo heita. Breida Bolstad. Eya Læk. Þufuland. Grimslækur. Hraun.*”¹⁰⁵

Ekki er vitað hvort Efri Grímslækur eða Ytri Grímslækur sé upphaflega býlið en tún þeirra liggja saman.¹⁰⁶ Jarðarinnar er getið í Kaupmálabréfi Erlends lögmanns Þorvarðssonar og Guðrúnar Jónsdóttir frá árinu 1542.¹⁰⁷ Jörðin kemur einnig fram í kaupbréfi frá 1551 þar sem Ögmundur Eyjólfsson festir kaup á Hraun í Ölfusi af Erlendi Lögmanni Þorvarðssyni.¹⁰⁸

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Er ein jörð að fornu. En fyrir manna minni sundurdeild í tvo bæi, þó hverfur einn garður um bæði túnin. Kallast annað býlið Efre Grímslækur, en annað Sydre Grímslækur. Dýrleiki á báðum saman er x c, v hver partur.”¹⁰⁹

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 er Grímslækur efri í bændaeign og metin á 5 hundruð. Í neðanmálsgrein segir að „Jb. 1760 telur 1 h. Isk. 5 kúg á báðum Grímslækjum, og getur A.M. þess, að jörðin sé öll í tvennu lagi.”¹¹⁰

Á túnakorti Efri Grímslækjar frá 1920 er túnið 3.5 ha á stærð, þar af 3/4 slétt og matjurtargarðar 1002 m² á stærð.¹¹¹

4.19 Saga Ytri Grímslækjar

Jarðarinnar er fyrst getið í Jarðaskiptabréfi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Gríms bónda Pálssonar frá 18. september 1501 á Mörduvöllum.¹¹² Árið 1510 í tylftardómi um eignaskipti Gríms Pálssonar og Þorvarðs lögmanns Erlendssonar. Þar segir; „*Enn hier i moti gaf grimur*

¹⁰¹ J. Johnsen, 1847, bls. 76.

¹⁰² Örnefnaskrá – Hjallahverfi, 1968, bls. 1-2.

¹⁰³ Túnakort Lækjar, 1920.

¹⁰⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn VII. bindi, 1947-1950, bls. 583.

¹⁰⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn VIII. bindi, 1947-1950, bls. 321-322.

¹⁰⁶ Örnefnaskrá - Grímslækir, 1968, bls. 1.

¹⁰⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn XI. bindi, 1947-1950, bls. 146.

¹⁰⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn XII. bindi, 1947-1950, bls. 307.

¹⁰⁹ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 428.

¹¹⁰ J. Johnsen, 1847, bls. 76.

¹¹¹ Túnakort Efri Grímslækjar, 1920.

¹¹² Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn VII. bindi, 1947-1950, bls. 583.

*saugdum Þoruari þessar jarðer fyrir sunnan lander suo heita. Breida Bolstad. Eya Læk. Þufuland. Grímslækur. Hraun.*¹¹³

Ekki er vitað hvort Efri Grímslækur eða Ytri Grímslækur sé upphaflega býlið en tún þeirra liggja saman.¹¹⁴ Jarðarinnar er getið í Kaupmálabréfi Erlends lögmanns Þorvarðssonar og Guðrúnar Jónsdóttir frá árinu 1542.¹¹⁵ Jörðin kemur einnig fram í kaupbréfi frá 1551 þar sem Ögmundur Eyjólfsson festir kaup á Hraun í Ölfusi af Erlendi Lögmanni Þorvarðssyni.¹¹⁶

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Er ein jörð að fornu. En fyrir manna minni sundurdeild í tvo bæi, þó hverfur einn garður um bæði túnin. Kallast annað býlið Efri Grímslækur, en annað Sydre Grímslækur. Dýrleiki á báðum saman er x c, v hver partur.”¹¹⁷

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 er Grímslækur ytri í bændaeign og metin á 5 hundruð.¹¹⁸

Á túnakorti Ytri Grímslækjar frá 1920 er túnið 3.4 ha á stærð, þar af 6/7 slétt og matjurtargarðar 1514 m² á stærð.¹¹⁹

4.20 Saga Hrauns

Jarðarinnar er fyrst getið í Jarðaskiptabréfi Þorvarðs lögmanns Erlendssonar og Gríms bónda Pálssonar frá 18. september 1501 á Mörduvöllum.¹²⁰ Árið 1510 í tylftardómi um eignaskipti Gríms Pálssonar og Þorvarðs lögmanns Erlendssonar. Þar segir; „*Enn hier i moti gaf grimur saugdum Þoruari þessar jarðer fyrir sunnan lander suo heita. Breida Bolstad. Eya Læk. Þufuland. Grímslækur. Hraun.*”¹²¹

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Jarðardýrleiki xxx c og so tíundast fjórum tíundum.”¹²²

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var jörðin í bændaeign og metin á 20 hundruð. Í neðanmálgrein segir; „*Jarðabækurnar enar eldri (1760) telja Hraun allt 30 h. að dýrleika, með hér greindri lsk. og kúg., nefna þar að auki, einsog líka 1803, Slap (Slápur) og Lágur (Laug), sem hjáleigur, sem lsk. 60 al. kúg. 2 (A. M.), en eigi Hrauns-hjáleigu, nema jb. 1803. Hér er dýrleikanum skipt niður á jarðaparta þá, sem nnú eru bygðir, eptir hreppstjóra.*”¹²³

Á túnakorti frá 1920 segir að túnið á Hrauni sé 3.9 ha á stærð, 9/10 slétt og matjurtagarðar 1144 m² á stærð.¹²⁴

4.21 Saga Breiðabólstaðar

Jarðarinnar er fyrst getið í Vilchinsmáldaga frá árinu 1397. Þar kemur fram að kirkjan á Breiðabólstað eigi 10 hundruð í heimalandi.¹²⁵ Árið 1510 í tylftardómi um eignaskipti Gríms Pálssonar og Þorvarðs lögmanns Erlendssonar. Þar segir; „*Enn hier i moti gaf grimur saugdum*

¹¹³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn VIII. bindi, 1947-1950, bls. 321-322.

¹¹⁴ Örnefnaskrá - Grímslækir, 1968, bls. 1.

¹¹⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XI. bindi, 1947-1950, bls. 146.

¹¹⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XII. bindi, 1947-1950, bls. 307.

¹¹⁷ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 428.

¹¹⁸ J. Johnsen, 1847, bls. 76.

¹¹⁹ Túnakort Ytri Grímslækjar, 1920.

¹²⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn VII. bindi, 1947-1950, bls. 583.

¹²¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn VIII. bindi, 1947-1950, bls. 321-322.

¹²² Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 428.

¹²³ J. Johnsen, 1847, bls. 76.

¹²⁴ Túnakort Hrauns, 1920.

¹²⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn IV. bindi, 1947-1950, bls. 98-99.

Þoruari þessar jarðer fyrir sunnan lander suo heita. Breida Bolstad. Eya Læk. Þufuland. Grimslækur. Hraun.¹²⁶ Árið 1523 kemur jörðin fram í kirkjureikningum þar sem „Ögmundur biskup lýsir því, að Erlendr (lögmaðr Þorvarðsson) hafi fengið sér jörðina Hof á Kjalarnesi til fullrar eignar í reikningskap Strandarkirkju og Nesskirkju í Selvogi, Hofskirkju á Kjalarnesi og Breiðabólstaðarkirkju í Olfosi, sem öðrum greinum, er bréfið hermir.“¹²⁷ Árin 1542 og 1551 er jarðarinnar getið í kaupbréfum¹²⁸ og í tylftardómi frá árinu 1561. Breiðabólstaðar er getið í Gíslamáldaga frá 1575 þar sem segir að hálfkirkja sé á Breiðabólstað sem eigi 10 hundruð í heimalandi.¹²⁹

Í jarðabók Árna og Páls frá árinu 1708 er jarðadýrleiki jarðarinnar 40 hundruð og svo tíundast fjórum tíundum.¹³⁰

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var jörðin í bændaeign og metin á 40 hundruð ásamt Vindheimum. Í neðanmálgrein segir; „Hreppstjóri lætur Breiðabólstað og Vindheima, hvora jörðina um sig, vera 12 ½ h. að dýrleika, en Vindheima getur engin jarðabók, og er jörð þessi því að líkindum nýbýli frá Breiðabólstað.“¹³¹

Á túnakorti frá 1920 segir að á Breiðabólstað séu tún 5 ha, 9/10 slétt og matjurtagarðar 1050 m² á stærð.¹³²

4.22 Saga Þorlákshafnar

Þorlákshöfn er fyrst nefnd í máldaga og landamerkjaskrá Hjallakirkju í Ölfusi frá árinu 1400. Þar segir; „Somuleides a Hialle hws og skipstodu frij j Thorlakshofn. enn þeir sem j Thorlakshofn bua eiga stodhrossa beit j Melsmyre. So og a Hialla kirkia reka og fiorufar a Keflavijk ä motz vid nes.“¹³³

Árið 1509 kemur jörðin fram í vitnisburðarbréfi halldórs ábóta á Helgafelli um reka á Skeiði á milli Aulversár og Þorlákshafnar.¹³⁴ Árið 1532 kemur jörðin fram í dómi sex presta um trjátöku og önnur gæði af rekanum á Skeiði milli Ölvosáróss og Þorlákshafnar.¹³⁵ Jörðin kemur fram í bréfi Gissurar Biskups í Skálholti frá 1540 þar sem hann veitir Oddi Gottskálkssyni jörðina Reyki í Ölveri.¹³⁶ Þar að auki í minnisgrein Gissurar biskups frá 11. September 1541.¹³⁷ Árið 1553 kemur jörðin fram í fógetareikningum frá 1553.¹³⁸

¹²⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn VIII. bindi, 1947-1950, bls. 321-322.

¹²⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn IX. bindi, 1947-1950, bls. 158-159.

¹²⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XI. bindi, 1947-1950, bls. 146; Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XII. bindi, 1947-1950, bls. 307.

¹²⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XV. bindi, 1947-1950, bls. 642.

¹³⁰ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 439.

¹³¹ J. Johnsen, 1847, bls. 76.

¹³² Túnakort Breiðabólstaðar, 1920.

¹³³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn IV. bindi, 1947-1950, bls. 243-244.

¹³⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn VIII. bindi, 1947-1950, bls. 277.

¹³⁵ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XIV. bindi, 1947-1950, bls. 637.

¹³⁶ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn X. bindi, 1947-1950, bls. 576.

¹³⁷ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn X. bindi, 1947-1950, bls. 664.

¹³⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XII. bindi, 1947-1950, bls. 578.

Jörðin kemur fram í Skálholtsreikningum árin 1558-1565, 1567-1570 og svo í konungsbréfi árið 1561.¹³⁹ Í bréfi Gísla biskups um Prestþjónustu lausafólks í verstöðum frá árinu 1563¹⁴⁰, í sjöttadómi frá árinu 1566,¹⁴¹ í siglingaleyfi og Áreiðardómi frá 1567.¹⁴² Í reikning Eggerts Hannessonar árin 1570-1571¹⁴³ og í Gíslamáldaga frá 1570 og síðar.¹⁴⁴

Í Jarðabók Árna og Páls segir um Þorlákshöfn. "Hjer er hálfkirkja að fornu og nýju, og tíðir veittar jafnan þá heimamenn eru til altaris. Annars liggur þess jörð í Hjallakirkjusókn, og gjaldast þángað lausafjártíundir allar, sem í Þorlákshöfn til falla, en ljostollar heimamanna leggjast til hálfkirkjunnar hjer heima. Presturinn að Arnarbæli þjónar þessari hálfkirkju, og fyrir nauðsýn verfólks, sem hingað sækir, veitir presturinn hjer tíðir hvern miðvikudag um föstutímamann. Fyrir þann góðvilja geldst prestinum 12 fiskar af tólfæringi, 6 fiskar af sexæringi og so þar í millum eftur árafjölda. Verður þviestsinntekt fyrir þetta ómak meiri eður minni eftir því sem skipin í þessari versöð ganga fleiri eður færri. Jarðdýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngvum. Annars eru munnmæli gömul, að hún sje lx c, þó ekki viti samankomnir vissu þar á."¹⁴⁵

Í Jarðatali Johnsen frá 1847 var jörðin kirkjujörð metin á 52 1/3 hundruð í dýrleika og 3 kúggildi.¹⁴⁶

Á túnakorti frá 1920 segir að tún Þorlákshafnar séu 12 ha , allt slétt og garðar 6190 m2.¹⁴⁷

4.23 Saga Syðri -Brúar í Grímsnes og Grafningshreppi

Jarðarinnar er fyrst getið í máldaga Búrfellskirkju í Árnasþingi sem Árni Þorláksson biskup setti. Þar segir; "þatan scal oc sijngia ... til anrar Brûar: vij messur: oc en xiiij Bûnhûs dagar oc caupa halfri morc."¹⁴⁸

Árið 1461 selur Björn Þorleifsson Hauki Einarssyni Minni Brú í Grímsnesi.¹⁴⁹ Í umboðsbréfi frá 1474 kemur fram að „Sveinn biskup í Skálholti skipar Jón rauðkoll Jónsson og Ásdísi konu hans umboðsmenn Péturs sonar síns (biskups) og Ásdísar, með þeim ummerkjum, sem bréfið greinir.“ Í bréfinu kemur fram að þau skyldu taka að sér þá peninga sem Sveinn hafði gefið syni sínum en það er jörðin á Neðri Brú í Grímsnesi í Búrfellskirkjusókn, og þar til fimm kýr og hin sjötta sú bænhúskú sem þar fylgir, sex ásauðarkúgildi, hest.¹⁵⁰

¹³⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XIII. bindi, 1947-1950, bls. 369, 459, 551, 593-4, 677, 693; Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XIV. bindi, 1947-1950, bls. 56, 331, 444 og Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XV. bindi, 1947-1950, bls. 54, 187, 363, 470.

¹⁴⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XIV. bindi, 1947-1950, bls. 193.

¹⁴¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XIV. bindi, 1947-1950, bls. 537-8.

¹⁴² Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XIV. bindi, 1947-1950, bls. 565-6 og 617.

¹⁴³ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XV. bindi, 1947-1950, bls. 540.

¹⁴⁴ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn XV. bindi, 1947-1950, bls. 552 og 642.

¹⁴⁵ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 433.

¹⁴⁶ J. Johnsen, 1847, bls. 76.

¹⁴⁷ Túnakort Þorlákshafnar, 1920.

¹⁴⁸ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn II. bindi, 1947-1950, bls. 63.

¹⁴⁹ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn V. bindi, 1947-1950, bls. 241-42.

¹⁵⁰ Diplomatarium Islandicum - Íslenzkt fornbréfasafn V. bindi, 1947-1950, bls. 751.

Jörðin kemur fram í Vitnisburði um landamerki Brúar efri í Grímsnesi árið 1564.¹⁵¹ Árið 1570 er jörðin nefnd í Gíslamáldaga þar sem kemur fram að jörðin sé komin undir Kirkjuna á Þingvöllum.¹⁵²

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1708 segir að „Sydre Bru, kallast öðru nafni Nedri Bru. Jarðardýrleiki óviss, því jörðin tíundast öngum. Eigandi beneficium Þingvellir í Þingvallasveit.“¹⁵³

Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 er Syðri-Brú í eign Þingvallakirkju. Í neðanmálgrein segir að „Jb. 1803 ein segir jörðina haldna 20 h. að dýrleika; jb. 1760 tilgreinir hvorki Jb. 1760 telur 1 h. lsk. 5 kúg á báðum Grímslækjum, og getur A.M. þess, að jörðin sé öll í tvennu lagi.“¹⁵⁴

Á túnakorti frá 1920 segir að túnið á Syðri-Brú sé 5.4 ha á stærð og matjurtagarðar 1071 m² á stærð.¹⁵⁵

Í Sunnlenskar byggðir segir um jörðina; "Bærinn stendur sunnan undir móbergshæð. Landið liggur meðfram Soginu og Írafoss og Kistufoss eru í landi jarðarinnar. Austurbakki Sogsins var melur með móabörðum sem á síðasta áratug var breytt í tún. Þá kemur þjóðvegurinn til Þingvalla en austan hans var blaut mýri, Djúpamýri, austur að Búrfelli. Norðan við Djúpumýri eru tún á framræsturlandi. Nokkuð valllendi er við fjallsrætur en gróður minnkar eftir því sem ofar kemur í fjallið."¹⁵⁶

¹⁵¹ Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn XIV. bindi, 1947-1950, bls. 269-70.

¹⁵² Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn XV. bindi, 1947-1950, bls. 644.

¹⁵³ Árni Magnússon & Páll Vídalín, II. bindi, bls. 355.

¹⁵⁴ J. Johnsen, 1847, bls. 71.


¹⁵⁵ Túnakort Syðri-Brúar, 1920.

¹⁵⁶ Sunnlenskar byggðir III, 1983, bls. 139.

5. FORNLEIFASKRÁ

6. Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Hveragerði	Öxnalækur	Öxnalækur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.10.2025	392616	389495
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Gata	Leið	Samgönguminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-001	1930 +	 Mynd 3. Horft SV eftir vegi [3508-001]	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna veitulagna		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Upphækkaður vegur, um 4 m breiður og liggur nokkurn veginn norðaustur – suðvestur. Einungis örlítið hluti vegarins er innan skráningarsvæðisins en hann var mældur rúmlega 380 m langur. Í skýrslu FSÍ frá 2017 var sagt að vegurinn hafi verið gerður eftir 1930 og er hann því of ungur til að teljast til fornleifa en vegurinn var þó hafður með sem hluti af sögu samgönguminja á svæðinu.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 4. Horft norður yfir veg [3508-001].	Á grasivöxnu svæði um 175 m sunnan við gatnamót Þorlákshafnarvegjar og Öxnalækjarvegjar.		
	Athugasemd		
	Heimildir		
Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2017). Bls. 16-17.			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Hveragerði	Öxnalækur	Öxnalækur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.10.2025	395284	389504
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Gamli Sýsluvegurinn	Gata	Leið	Samgönguminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-002	1550 – 1900	 Mynd 5. Horft NA eftir Gamla Sýsluveginum [3508-002].	
Veggshæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna veitulagna		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Í örnefnakrá Kröggólfsstaðatorfu segir: „Krossgötur: Mói, nú ræktaður, norður frá Vatnatúni. Þar mættust heimagötur og gamla þjóðleiðin.“ Leiðin liggur nokkurn veginn norður – suður og var skráð á um 850 m kafla, leiðin er þó mun lengri. Leiðin er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908 og er vel greinanleg á skráningarsvæðinu. Í skýrslu FSÍ er sagt að vegurinn hafi verið gerður vagnfær og verið notaður til u.þ.b. 1930 en að hann sé í grunnin forn þjóðleið.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 6. Horft SV yfir Gamla Sýsluveginum [3508-002].		Á grasivöxnu svæði um 160m sunnan við gatnamót Þorlákshafnarvegjar og Öxnalækjarvegjar. Vegurinn þverar götu [3508-001].	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2017). Bls. 16 Örnefnaskrá – Kröggólfsstaðatorfa.	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Ölfus	Kröggólfsstaðir	Kröggólfsstaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.10.2025	391633	388630
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Kröggólfsstaðastekkur	Tóft	Stekkur	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-003	1550 – 1900	 Mynd 7. Uppmæling af Kröggólfsstaðastekk [3508-003].	
Vegghæð	Veggjabykk		
0,3 – 0,4 m	1 m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna framkvæmda		
Hættumat	Hættuorsök		
Mikil hætta	Vegna rasks		
Lýsing			
Í örnefnaskrá Kröggólfsstaðatorfu segir: „Kröggólfsstaðastekkur: Hóll gróinn með leifum af stekk, fast sunnan við þjóðveginn norðaustur af Krossgötum.“ Stekkjartóftin er með tveimur hólum og stendur ofan á grasivöxnum hól [3508-004]. Opið er í bæði hólfin í NV. Tóftin er grasivaxin og ekki sást í grjóti í henni. Veggjahæð er frá 0,3 – 0,4 m og veggjabreidd er að jafnaði um 1m.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 8. Horft SA yfir Kröggólfsstaðastekk [3508-003].		Ofan á grasivöxnum hól [3508-004]. Hóllinn er einungis um 2m frá Þorlákshafnarvegi og reiðgata liggur fast NV við hólinn.	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Orri Vésteinsson og Stefán Ólafsson. (2017). Bls. 175. Örnefnaskrá – Kröggólfsstaðatorfa.	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Ölfus	Kröggólfsstaðir	Kröggólfsstaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.10.2025	391634	388622
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Hóll	Óþekkt	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-004	1550 – 1900	 Mynd 9. Horft SA yfir Kröggólfsstaðastekk [3508-003] og hól [3508-004].	
Vegghæð	Veggjaþykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna framkvæmda		
Hættumat	Hættuorsök		
Mikil hætta	Vegna rasks		
Lýsing			
Kröggólfsstaðastekkur [3508-003] stendur á grasivöxnum hól sem stendur mjög úr í landslaginu og ber það með sér að geyma mannvist. Hóllinn er um 20 x 17 m að stærð og allt að 1,5 m hár. Líklega hefur eitthvað af hólnum skemmst þegar reiðgata var lögð fast norðan við hólinn.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 10. Horft SV yfir hól [3508-004].	Hóllinn er einungis um 2m frá Þorlákshafnarvegi og reiðgata liggur fast NV við hólinn.		
	Athugasemd		
	Heimildir		
Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Orri Vésteinsson og Stefán Ólafsson. (2017). Bls. 175.			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Ölfus	Kröggólfsstaðir	Kröggólfsstaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.10.2025	391464	388461
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Gata	Leið	Samgönguminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-005	1550 – 1900	 Mynd 11. Horft SA eftir götu [3508-005].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanleg	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna framkvæmda		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Í örnefnaskrá Kröggólfsstaðatorfu segir: „Smjörflatar: Vallendisflatar, hærri en umhverfið, norðaustur af Laugum, þar lágu götur.“ Gatan er um 3m breið og var skráð á um 600m kafla og hefur verið vagnfær. Gatan liggur í um 600m í SA frá Þorlákshafnarvegi, hún hefur að öllum líkindum legið norðan við veginn líka en þar er búið að slétta svæðið.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 12. Horft austur yfir götu [3508-005].	Gatan liggur í um 600m í SA frá Þorlákshafnarvegi yfir flatt, grasivaxið mólendi.		
	Athugasemd		
	Heimildir		
Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. (2017). Bls. 176 Örnefnaskrá – Kröggólfsstaðatorfa.			

Almennar upplýsingar				
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847	
Árnessýsla	Ölfus	Núpar	Núpar	
Upplýsingar um skráningu				
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93	
Atli Rúnarsson	22.10.2025	390084	386921	
Upplýsingar um minjar				
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild	
Draughóll	Örnefni	Þjóðsagnastaður	Trú og hefðir	
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning		
3508-006	1550 – 1900	 Mynd 13. Horft SA yfir Draughól [3508-006].		
Vegghæð	Veggjabykkt			
Ástand	Friðlýst			
Heillegar	Nei			
Horfin	Hætta tilefni			
Nei	Engin hætta			
Hættumat	Hættuorsök			
Engin hætta				
Lýsing				
Í örnefnaskrá Núpa segir: „Draughóll: Hólstrýta í þurárhrauni vestan við Harðavöll, mjög nálægt markalínu.“ Hóllinn er náttúrulegur mosavaxinn hraunhóll.				
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 14. Horft suður yfir Draughól [3508-006].		Hóllinn er um 40 m ASA við Þorlákshafnarveg skammt frá landamörkum Núpa og Eystri þurá		
		<th>Athugasemd</th>		Athugasemd
		Rétt utan svæðis.		
		<th>Heimildir</th>		Heimildir
		Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. (2020). Bls. 18 Örnefnaskrá - Núpar		

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Ölfus	Eystri þurá	Eystri þurá
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.10.2025	389941	386786
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Tjaldflöt	Náttúruminjar	Áningastaður	Samgönguminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-007	1550 – 1900	 Mynd 15. Horft SV yfir Tjaldflöt [3508-007].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Heillegar	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna framkvæmda		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Í örnefnaskrá þurár segir: „Enn ofar með hrauninu er gamall áningastaður langferðamanna. Hann heitir Tjaldflöt.“ Tjaldflöt er flatt grasivaxið svæði við hraunjaðarinn, ekki sést til neinna minja á svæðinu.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 16. Horft suður yfir Tjaldflöt [3508-007].	Flatt grasivaxið svæði um 25m SA við Þorlákshafnarveg, við hraunjaðarinn.		
	Athugasemd		
	Heimildir		
	Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. (2020). Bls. 18 Örnefnaskrá - Þurá		

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Ölfus	Eystri þurá	Eystri þurá
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.10.2025	389467	386393
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Þjóðbraut	Heimild	Híbýli	Búsetuminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-008	1550 – 1900	 Mynd 17. Horft NA yfir meinta staðsetningu Þjóðbrautar [3508-008].	
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Vegna vegagerðar	Vegna vegagerðar		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Í Sunnlenskum Byggðum III segir: „Í túnjaðrinum á Þurá var bær sem hét Þjóðbraut. Þar var Herdís Símónardóttir frá 1898 – 1907. Engin grasnyt mun hafa fylgt.“ Þjóðbraut var merkt inn á Örnefnaupprátt Ingólfs Einarssonar frá 1968 og það er merkt sem eyðibýli á Herforingjaráðskorti frá 1909. Þorlákshafnarvegur hefur verið lagður þvert yfir svæðið og lenti bærinn að öllum líkindum undir veginum. Ekki sást til minja á svæðinu.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Bærinn hefur að öllum líkindum staðið undir Þorlákshafnarvegi.	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Sunnlenskar byggðir III. (1983) bls. 344 Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. (2020). Bls. 35 Örnefnauppráttur Ingólfs Einarssonar, (1968).	


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Ölfus	Ytri Þurá	Ytri Þurá
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.10.2025	389363	386285
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Mylla	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-009	1550 – 1900	 Mynd 18. Horft í SV yfir meinta staðsetningu myllu [3508-009].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Vegna vegagerðar	Vegna vegagerðar		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Í Örnefnaskrá Ytri Þurá segir: „Rétt þar sem nú er brúin stóð mylla áður fyrr“. Myllan er merkt inn á Örnefnauppdrátt Ingólfs Einarssonar frá 1968. Myllan hefur horfið við gerð Þorlákshafnarveggar og ekki sést til neinna ummerkja um hana.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Myllan stóð þar sem nú er brú yfir Þurá.	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. (2020). Bls. 48 Örnefnaskrá – Ytri-Þurá Örnefnauppdráttur Ingólfs Einarssonar (1968).	


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Ölfus	Þóroddsstaðir	Þóroddsstaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.10.2025	389203	386134
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Heimild	Hesthús	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-010	1550 – 1900	 Mynd 19. Horft SV yfir meinta staðsetningu hesthúss [3508-010].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Vegna vegagerðar	Vegna vegagerðar		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Í örnefnaskrá Þóroddsstaða segir: „Austan bæjarlækjar er lítið vallendisholt sem heitir Bakrangur. Þar er lítið tóttarbrót. Þar var hesthúskofi fyrir síðustu aldamót. Þjóðvegurinn liggur nú yfir Bakrang.“ Ekki sást til minja á svæðinu og hefur hesthúsið að öllum líkindum farið undir Þorlákshafnarveg.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. (2020). Bls. 59 Örnefnaskrá - Þóroddsstaðir	


Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Ölfus	Þóroddsstaðir	Þóroddsstaðir
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.10.2025	389158	386047
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Jarðbrú	Heimild	Brú	Samgönguminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-011	1550 – 1900	 Mynd 20. Horft í SA yfir meinta staðsetningu Jarðbrúar [3508-011].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Sléttað yfir	Vegna veitulagna		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Í örnefnaskrá Þóroddsstaða segir: „Á Riftúnslæk, um 10m neðan við þjóðveg, aðeins austan við Þóroddsstaðamörk, er Jarðbrú. Nú ber lítið á henni vegna grjóts sem að henni barst þegar vegurinn var lagður og lækurinn brúaður. Ekki sást til minja á yfirborði, líklega hefur brúin horfið þegar Þorlákshafnarvegur var lagður og tún sléttuð.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Um 10m neðan við Þorlákshafnarveg.	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. (2020). Bls. 60 Örnefnaskrá - Þóroddsstaðir	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Ölfus	Lækur	Lækur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.10.2025	387388	383958
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Hjallarjómabú	Heimild	Fjós	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-012	1550 – 1900	 Mynd 21. Horft SV yfir meinta staðsetningu Hjallarjómabús [3508-012].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Vegna vegagerðar	Vegna vegagerðar		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: „Austast í Lækjartúni var Rjórabú um allmörg ár á fyrsta fjórðungi 20. aldar. Það var venjulega nefnt Hjallarjómabú. Það stóð nákvæmlega þar sem nú er vegurinn, brúin yfir lækinn.“ Ekki sjást nein ummerki um minjar á svæðinu og hafa þær að öllum líkindum farið undir Þorlákshafnarveginn þegar hann var lagður.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. (2020). Bls. 103 Örnefnaskrá - Hjallahverfi	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Ölfus	Lækur	Lækur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.10.2025	386992	383645
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Gamla þjóðleiðin / Sýsluvegurinn	Heimild	Leið	Samgönguminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-013	1550 – 1900	 Mynd 22. Horft yfir svæðið þar sem Gamla þjóðleiðin [3508-013] lá.	
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Sléttað yfir	Vegna framkvæmda		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Á herföngjaráðskorti Dana frá 1909 Gamla þjóðleiðin / Sýsluvegurinn merkt inn á þessum stað. Ekki sést til leiðarinnar á þessu svæði, líklega hefur hún horfið undir Þorlákshafnarveg þegar hann var lagður eða undir sléttað tún. Leiðin sést þó á köflum utan skráningarsvæðisins.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 23. Gamla þjóðleiðin [3508-013] á Herföngjaráðskorti frá 1909.	Við Þorlákshafnarveg eða sléttað tún um 360m SV við afleggjarann að Læk.		
	Athugasemd Hnit tekið á sama stað og FSÍ árið 2020.		
	Heimildir Herföngjaráðskort Dana nr. 37. (1909). Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. (2020). Bls. 124		

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Ölfus	Efri Grímslækur	Efri Grímslækur
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	22.10.2025	386359	383018
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Þorgrímsstaðagata	Heimild	Leið	Samgönguminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-014	1550 – 1900	 Mynd 24. Horft suður eftir meintri staðsetningu Þorgrímsstaðagötu [3508-014].	
Vegghæð	Veggiþykkt		
Ástand	Friðlýst		
Sést ekki	Nei		
Horfni	Hætta tilefni		
Vegna vegagerðar	Vegna veitulagna		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hættu			
Lýsing			
Á herforingjaráðskorti Dana frá 1909 var merkt inn gata á þessu svæði. Í örnefnaskrá Hjallahverfis segir: „Sunnan Svartamóa er annar álíka mói sem heitir Breiðimói, vestur að Lækjatúni, beggja megin við þjóðveginn. Liggur Þorgrímsstaðagata milli móa þessara vestan frá Hjallarás heim að túnum. Nú hefur verið ræktað tún á Svartamóa og Breiðamóa.“ Engin ummerki leiðarinnar sjást á yfirborði.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 25. Þorgrímsstaðagata [3508-014] á herforingjaráðskorti Dana frá 1909.		Leiðin hefur legið nokkurn veginn þar sem Hraunsvegur liggur í dag.	
		Athugasemd	
		Heimildir	
		Herforingjaráðskort Dana nr. 37. (1909). Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. (2020). Bls. 124 Örnefnaskrá - Hjallahverfi	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Hveragerði	Vorsabær	Vorsabær
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	10.12.2025	393600	389146
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Hleðsla	Aðhald	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-015	1550 – 1900	 Mynd 26. Uppmæling af aðhaldi [3508-015].	
Vegghæð	Veggjabykk		
0 – 0,2 m	1,5 m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
	Vegna veitulagna		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Aðhald hlaðið úr hraungrýti. Inngangur er nokkurn veginn á miðri suður hlið. Aðhaldið er hrúnið, sigið og mosavaxið og sést í gaddavír á stöku stað á milli steina. Stærð þess er um 17 x 7 m, veggjahæð er frá 0 – 0,2 m og veggjabreidd er að jafnaði um 1,5m.			
Ljósmynd / teikning		Umhverfi / staðhættir	
 Mynd 27. Horft í NA yfir aðhald [3508-015].		Í grasivöxnum móa, um 20 m SV við Þjóðveg 1 og um 90 m frá brú yfir Varmá.	
		Athugasemd	
		Heimildir	

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Hveragerði	Vorsabær	Vorsabær
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	10.12.2025	393594	389137
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
	Garðlag	Túngarður	Landbúnaðarminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-016	1550 – 1900	 Mynd 28. Uppmæling af túngarði [3508-016].	
Vegghæð	Veggjabykkt		
0 – 0,1 m	0,5 m		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
Nei	Vegna veitulagna		
Hættumat	Hættuorsök		
Mikil hætta	Vegna rasks		
Lýsing			
Túngarður Vorsabæjar. Líklega er um yngri túngarð að ræða en sá eldri er ekki innan áhrifasvæðis framkvæmdanna. Hér er einungis um einfalda undirhleðslu undir girðingu að ræða og standa girðingastaurar með frekar jöfnu millibili upp úr hleðslunni. Eins má sjá gaddavír liggja á stöku stað meðfram garðinum. Garðlagið hefur orðið fyrir miklum skemmdum vegna fyrri framkvæmda á svæðinu. Veggjahæð er frá 0 – 0,1 m og veggjabreidd er að jafnaði um 0,5 m.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 29. Horft í NV eftir túngarði [3508-016].	Garðlagið umlykur tún Vorsabæjar en hefur orðið fyrir skemmdum vegna framkvæmda við Búrfellslínu og iðnaðarsvæðis við Öxnalækjarveg.		
	Athugasemd		
Heimildir			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Hveragerði	Vorsabær	Vorsabær
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	10.12.2025	393359	389304
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Presthóll	Náttúruminjar	Þjóðsagnastaður	Trú og hefðir
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-017	1550 – 1900		
Vegghæð	Veggjabykkt		
Ástand	Friðlýst		
Heillegar	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
	Vegna veitulagna		
Hættumat	Hættuorsök		
Engin hætta			
Lýsing			
Í Örnefnaskrá Vorsabæjar segir: „Presthóll: Hraunhóll austur af Kálfabrekku, norður frá bænum. Þjóðsaga hermir að prestur einn hafi sofnað sinn síðasta blund undir hólnum og sálast. Hafi verið ölvaður og pissað í buxurnar, en frost var.“ Presthóll er áberandi hraunhóll sem stendur upp úr flötu mólendinu.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 30. Presthóll. Horft til norðvesturs. Mynd fengin úr skýrslunni Fornleifaskráning á áhrifasvæði Suðurlandsvegar: Deiliskráning í landi Hveragerðis (Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. 2017. Bls. 13).	Á flötu grasivöxnu svæði um 70 m sunnan við Þjóðveg 1.		
	Athugasemd		
	Heimildir		
Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2017). Bls. 13 Örnefnaskrá – Vorsabær			

Almennar upplýsingar			
Sýsla	Sveitarfélag	Heiti jarðar	Heiti jarðar 1847
Árnessýsla	Hveragerði	Vorsabær	Vorsabær
Upplýsingar um skráningu			
Skrásetjari	Dagsetning	Austur hnit ISN93	Norður hnit ISN93
Atli Rúnarsson	10.12.2025		
Upplýsingar um minjar			
Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Minjaheild
Hafnargata	Gata	Leið	Samgönguminjar
Auðkenni	Tímabil	Ljósmynd / teikning	
3508-018	1550 – 1900	 Mynd 31. Horft VSV eftir Hafnargötu [3508-018].	
Vegghæð	Veggjabykk		
Ástand	Friðlýst		
Vel greinanlegar	Nei		
Horfin	Hætta tilefni		
	Vegna veitulagna		
Hættumat	Hættuorsök		
Hætta	Vegna rasks		
Lýsing			
Í Örnefnaskrá Vorsabæjar segir: „Hafnargata: Gamall ruddur vegur, lá af þjóðveginum rétt fyrir vestan Varmárbrúna og vestur á Klappirnar, „fyrir norðan Ossabæ“, notaður fram til 1930.“ Hluti af veginum hefur horfið þegar iðnaðarhverfið við Öxnalækjarveg var byggt og hann hefur verið rofinn af malarstíg. Vegurinn er um 2 – 3 m á breidd og um 0,2 m á dýpt, hann er gróinn og flatur og sést mjög vel.			
Ljósmynd / teikning	Umhverfi / staðhættir		
 Mynd 32. Horft SV eftir Hafnargötu [3508-018].	Vegurinn var mældur í um 300m í VSV frá þjóðvegi 1. Þar hefur hann verið rofinn af malarstíg og endar við iðnaðarsvæði við Öxnalækjarveg.		
	Athugasemd		
	Heimildir		
	Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2017). Bls. 13 Örnefnaskrá - Vorsabær		

6. NIÐURSTÖÐUR

Engar minjar fundust við fyrirhugaða strenglínu við Írafossvirkjun. Þó er vert að minnast á nálægð áhrifasvæðisins við áður skráðar minjar [2084-8] (auðkenni FSÍ ÁR-432:014) og [2084-35] (auðkenni FSÍ ÁR-479:084) sem skráðar voru af Fornleifastofnun Íslands árið 2018.¹⁵⁷

Alls voru 18 minjar skráðar vegna fyrirhugaðra framkvæmda á skráningarsvæðinu við Þorlákshafnarveg. Þar af voru 11 minjar enn sjáanlegar en hinar hafa horfið vegna ýmissa breytinga sem svæðið hefur tekið á síðustu öld.

Tafla 1. Minjar skráðar vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Nr.	Jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand	Horfin vegna
3508-001	Öxnalækur		gata	leið	vel greinanlegar	
3508-002	Öxnalækur	Gamli Sýsluvegurinn	gata	leið	vel greinanlegar	
3508-003	Kröggólfsstaðir	Kröggólfsstaðastekkur	tóft	stekkur	vel greinanlegar	
3508-004	Kröggólfsstaðir		hóll	óþekkt	vel greinanlegar	
3508-005	Kröggólfsstaðir		gata	leið	vel greinanlegar	
3508-006	Núpar	Draughóll	örnefni	þjóðsagnastaður	heillegar	
3508-007	Eystri-Þurá	Tjaldflöt	náttúruminjar	áningastaður	heillegar	
3508-008	Eystri-Þurá	Þjóðbraut	heimild	híbýli	sést ekki	vegna vegagerðar
3508-009	Ytri-Þurá		heimild	mylla	sést ekki	vegna vegagerðar
3508-010	Þóroddsstaðir		heimild	hesthús	sést ekki	vegna vegagerðar
3508-011	Þóroddsstaðir	Jarðbrú	heimild	brú	sést ekki	sléttað yfir
3508-012	Lækur	Hjallarjómabú	heimild	fjós/rjómabú	sést ekki	vegna vegagerðar
3508-013	Lækur	Gamla Þjóðleiðin	heimild	leið	sést ekki	sléttað yfir
3508-014	Efri Grímslækur	Þorgrímsstaðagata	heimild	leið	sést ekki	vegna vegagerðar
3508-015	Vorsabær		hleðsla	aðhald	vel greinanlegar	
3508-016	Vorsabær		garðlag	túngarður	vel greinanlegar	
3508-017	Vorsabær	Presthóll	náttúruminjar	þjóðsagnastaður	heillegar	
3508-018	Vorsabær	Hafnargata	Gata	leið	vel greinanlegar	

Af þeim 11 sem voru enn sjáanlegar voru 4 leiðir, [3508-001], [3508-002], [3508-005] og [3508-018]. Ein tóft var sjáanleg, Kröggólfsstaðastekkur [3508-003], og minjahóll undir honum [3508-004]. Svo voru ein hleðsla [3508-015] og eitt garðlag [3508-016] einnig sjáanlegar í landi Vorsabæjar. Hinar þrjár minjarnar voru þess eðlis að þær skilja ekki endilega eftir sig áþreifanlegar manngerðar minjar. Það voru Draughóll [3508-006], náttúrulegur hraunhóll sem var skráður sem þjóðsagnastaður, Tjaldflöt [3508-007] sem var áningastaður og engar minjar sjáanlegar á yfirborði og Presthóll [3508-017], náttúrulegur hraunhóll sem var skráður sem þjóðsagnastaður.

Svæðið hefur tekið miklum breytingum á síðustu öld, bæði vegna vegagerðar og landbóta (s.s. sléttun túna), og við það hafa minjar horfið. Það á við um þær 7 minjar sem voru skráðar horfnar við þessa skráningu og hurfu þær flestar við gerð Þorlákshafnarvegjar.

¹⁵⁷ Gylfi Helgason o.fl. 2018, bls. 17-18 og 40-41

6.1 Niðurstöður vegna tilefnis

Allar minjarnar sem voru skráðar teljast í hættu vegna tilefnis, ýmist vegna veitulagna eða bæði vegagerðar og veitulagna, fyrir utan Draughól [3508-006]. Þó eru þær í mismikilli hættu og verða fyrir mismiklum áhrifum vegna framkvæmdanna. Eins eru stór hluti minjanna horfnar vegna lagningar Þorlákshafnarvegar og geta þær því varla talist í hættu vegna vegaframkvæmdanna þar sem ekki er verið að leggja nýjan veg heldur einungis verið að endurbæta þann sem er fyrir.

Þó eru átta minjar sem verða fyrir beinum áhrifum af framkvæmdunum. Það eru leið [3508-001], Gamli Sýsluvegurinn [3508-002], Kröggólfsstaðastekkur [3508-003] og hóll sem virðist geyma mikla mannvist undir stekklum [3508-004], leið [3508-005], aðhald [3508-015], túngarður [3508-016] og Hafnargata [3508-018]. Hér á eftir verður fjallað aðeins um minjarnar og mögulegar mótvægisáðgerðir en þó er vakin athygli á því að það er Minjastofnun Íslands sem tekur endanlega ákvörðun um hvort mótvægisáðgerða sé þörf og hverjar þær eru.

Áætluð strenglöggn liggur aðeins um 3m frá SV enda leiðar [3508-001] og þverar hana um 190 m sunnan við gatnamót Þorlákshafnarvegar og Öxnalækjarvegar. Þar sem vegurinn var lagður laust eftir 1930 telst hann ekki til fornleifa skv. menningarminjalögum, en lögin segja að til fornleifa teljist allir manngerðir hlutir 100 ára og eldri, en þó eru ekki mörg ár í það.

Eins þverar áætluð strenglöggn Gamla Sýsluvegin [3508-002] á svipuðum slóðum og hann þverar leið [3508-001], eða um 170 m sunnan við gatnamót Þorlákshafnarvegar og Öxnalækjarvegar

Kröggólfsstaðastekkur [3508-003] og hóll [3508-004] eru innan áhrifasvæða beggja framkvæmdanna. Áætluð strenglöggn er einungis um 7m frá ystu mörkum hólsins og miðlína vegarins er um 5m frá ystu mörkum hans. Hóllinn hefur að öllum líkindum orðið fyrir hnjaski þegar reiðgata var lögð þétt upp við hann. Best væri, ef gerlegt er, að færa strenginn til SA þannig að hann sé utan 15m friðhelgi minjanna. Eins væri gott að girða minjarnar af og merkja þær þegar kemur að framkvæmdum.

Áætluð strenglöggn liggur líka yfir NV enda leiðar [3508-005] en þar er erfitt að færa strenginn til þar sem leiðin liggur til SA og er líklega best að leita ráða hjá Minjastofnun Íslands hvort mótvægisáðgerða sé þörf.

Draughóll [3508-006] var rétt utan við skráningarsvæðið en var hafður með vegna nálægðar hans við það.

Tjaldflöt [3508-007] var í Örnefnaskrá sagður gamall áningastaður en þar voru engar minjar að sjá og er eðli staðarins þannig að ekki er víst hvort minjar leynist undir sverði. Áætluð strenglöggn liggur við NV enda flatarinnar.

Strenglöggnin mun koma til með að liggja á milli aðhalds [3508-015] og túngarðs [3508-016] en þar eru einungis tæpir 5 m á milli og því líklegt að minjarnar myndu verða fyrir raski við framkvæmdirnar. Erfitt er að komast hjá því að raska þessum minjum við framkvæmdina og best að leita ráða hjá Minjastofnun Íslands hvort mótvægisáðgerða sé þörf.


Presthóll [3508-017] er alveg á mörkum áhrifasvæðis framkvæmdanna og mun líklega ekki verða fyrir áhrifum af þeim.

Strenglöggnin mun einnig liggja yfir Hafnargötu [3508-018] en þó er nú þegar búið að raska henni þar sem hún mun liggja. Þar er malarstígur/reiðgata sem strenglöggnin mun elta.

Aðrar minjar voru horfnar vegna ýmissa framkvæmda á svæðinu, þ.e. lagning Þorlákshafnarvegar og sléttunar túna. Hægt er að sjá staðsetningu minja út frá framkvæmdasvæði á kortum í næsta kafla.

Eins er vert að benda á áður skráðar minjar sem eru rétt utan við skráningarsvæðið. Það eru minjar [2675-124] sem er varða sem var skráð af VG Fornleifarannsóknnum árið 2021¹⁵⁸ og varða [2675-77] sem var skráð af sama aðila sama ár.¹⁵⁹

Vakin er athygli á því að það er í höndum Minjastofnunar Íslands að ákveða mótvægisáðgerðir vegna framkvæmda. Eins ef áður óþekktar minjar koma í ljós við framkvæmdirnar ber að stöðva framkvæmdina samstundis og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem mun taka ákvörðun um framhaldið.



Mynd 33. Efst t.v.: Kortið sýnir hvernig áætluð strenglagning liggur við leiðir [3508-001] og [3508-002]. Efst t.h.: Kortið sýnir áætlaða legu strengs og miðlínu vegar við Kröggólfsstaðastekk [3508-003], hól [3508-004] og leið [3508-005]. Neðst t.v.: Kortið sýnir hvar áætluð strenglagning liggur á milli aðhalds [3508-015] og túngarðs [3508-016]. Neðst t.h.: Kortið sýnir hvar áætluð strengleið liggur hjá Presthól [3508-017] og Hafnargötu [3508-018].

¹⁵⁸ Hermann Jakob Hjartarson og Vala Garðarsdóttir, 2018, bls. 150

¹⁵⁹ Hermann Jakob Hjartarson og Vala Garðarsdóttir, 2018, bls. 103

7. HEIMILDASKRÁ

- Árnessýsla. *Sýslu og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfván Jónsson*. 1979. Reykjavík: Sögufélag.
- Árni Magnússon og Páll Vídalín. (1943). *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. II. bindi - Þingeyjarsýsla*. Kaupmannahöfn: S. L. Möller.
- Birna Lárusdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Stefán Ólafsson, Uggi Ævarsson og Unnur Magnúsdóttir. (2015). *Aðalskráning fornleifa í sveitarfélaginu Ölfusi: Áfangaskýrsla I*. FS536-12021. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.
- Bjarni F. Einarsson. (2008). *Fornleifaskráning á Suðurlandi vegna mats á umhverfisáhrifum Suðurlandsvegar*. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.
- Björn Pálsson. (1996). *Árnesingur IV. "Hveragerði og upphaf mannvistar þar"*. Sögufélag Árnesinga.
- Diplomatarium Islandicum - Íslenskt fornbréfasafn 1-16. bindi*. (1947-1950). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2002). *Fornleifaskráning í Hveragerði. 2. útgáfa*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.
- Gylfi Helgason, Birna Lárusdóttir, Kristjana Vilhjálmsdóttir og Ragnheiður Gló Gylfadóttir. (2018). *Fornleifaskráningar vegna deiliskipulags við Sogsvirkjanir í Grímsnes- og Grafningshreppi*. FS695-18091. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.
- Hermann Jakob Hjartarson og Vala Garðarsdóttir. (2021). *Fornleifaskráning í landi Þorlákshafnar 2021 Vettvangsskráning og söguágrip*. VG Fornleifarannsóknir.
- Íslensk fornrit. I-XVII. bindi. (1935-2002). Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag
- J. Johnsen. (1847). *Jarðatal á Íslandi með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. Kaupmannahöfn: S. Trier.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir. (2017). *Fornleifaskráning á áhrifasvæði Suðurlandsvegar: Deiliskráning í landi Hveragerðis*. FS672-17341. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Stefán Ólafsson, Gylfi Björn Helgason, Lilja Laufey Davíðsdóttir og Hrönn Konráðsdóttir. (2020). *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III*. FS789-12023. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.
- Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Orri Vésteinsson og Stefán Ólafsson. (2017). *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla II*. FS626-12022. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses.
- Sunnlenskar byggðir III*. (1983). Selfoss: Búnaðarsamband Suðurlands.

Óútgefnar Heimildir:

Herforingjaráðskort Dana frá 1909. Fengin af:

<https://islandskort.is/map/1141#?c=0&m=0&s=0&cv=0&r=0&xywh=-2558%2C-328%2C11960%2C6555>

Túnakort í Ölfusi frá 1917-1920. Þjóðskjalasafn Íslands. Fengin af:

<https://testbirting.manntal.is/default.aspx?index=1&sysla=IMOBcm5lc3PDvXNsYSA=&hreppur=IMOWbGZ1c2hyZXBwdXI=&kort=&maelikvardi=VmVsZHUgbcOmbGlrdmFyw7Bh&staerd=VmVsZHUgc3TDpnLDsA==&litur=VmVsZHUgbGl0&teiknari=VmVsZHUgdGVpa25hcmE=>

Túnakort Syðri Brúar í Grímsneshreppi. 1920.

<https://testbirting.manntal.is/default.aspx?index=11&sysla=VmVsZHUgc8O9c2x1&hreppur=IEdyw61tc25lc2hyZXBwdXI=&kort=aHR0cDovL21hbm50YWwuaXMvbXluZGlyL1R1bmFrb3J0L0FybWVzc3lzbGEvR3JpbXNuZXNocmVwcHVyL1ZlZm15bmRpci9HcmUtc25lc2hyZXBwdXJfMDEuXmpwZW==&maelikvardi=VmVsZHUgbcOmbGlrdmFyw7Bh&staerd=VmVsZHUgc3TDpnLDsA==&litur=VmVsZHUgbGl0&teiknari=VmVsZHUgdGVpa25hcmE=>

Örnefnakort - Þurá, Þóroddsstaðir, Riftún og Bakki. (1968). Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands

Örnefnaskrá - Bakki. (1968). Eiríkur Einarsson skráði. Örnefnasafn, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnaskrá - Grímslækir. (1968). Eiríkur Einarsson skráði. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá - Kröggólfsstaðatorfa. (1967). Þórður Ö. Jóhannsson skráði. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands

Örnefnaskrá - Núpar. (1968). Þórður Ö. Jóhannsson skráði. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá - Hjallahverfi. (1968). Eiríkur Einarsson skráði. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnaskrá - Vorsabær. (1968). Þórður Ö. Jóhannsson skráði. Reykjavík: Örnefnastofnun Íslands

8. KORT



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild


□ Skráningarsvæði
— Áætluð strenglög

0 250 500 750 m

Yfirlitskort af skráningarsvæðinu við Írafossvirkjun

Kort 1 Skali 1:10000 21.11.2025

Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Skráningarsvæði
Áætluð strenglögn
Miðlína vegar

Staðsetning minja
Mælingar - Flákar
Mælingar - Línur



Yfirlitskort af skráningarsvæðinu og skráðum minjum
við Þorlákshafnarveg
Kort 2 Skali 1:100000 15.12.2025

Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

— Skráningarsvæði
— Áætluð strenglögn
— Miðlína vegar

○ Staðsetning minja
■ Mælingar - Flákar
— Mælingar - Línur

0 50 100 m

Presthóll [3508-017], Hafnargata [3508-018],
túngarður [3508-016] og aðhald [3508-015] innan
áhrifasvæðis framkvæmdanna]
Kort 3 Skali 1:25000 15.12.2025

Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

— Skráningarsvæði
— Áætluð strenglög
— Miðlína vegar

○ Staðsetning minja
— Mælingar - Flákar
— Mælingar - Línur

0 50 100 m

Leið [3508-001] og Gamli Sýsluvegurinn [3508-002]
innan áhrifasvæðis framkvæmdanna

Kort 4 Skali 1:2500 15.12.2025

Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

Skráningarsvæði
Áætluð strenglögn
Miðlína vegar

Staðsetning minja
Mælingar - Flákar
Mælingar - Línur

0 50 100 m

Kröggólfsstaðastekkur [3508-003], hóll [3508-004] og
leið [3508-005] innan áhrifasvæðis framkvæmdanna
Kort 5 Skali 1:2000 15.12.2025

Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

— Skráningarsvæði
— Áætluð strenglög
— Miðlína vegar

○ Staðsetning minja
■ Mælingar - Flákar
— Mælingar - Línur

0 50 100 m

Draughóll [3508-006] og Tjaldflöt [3508-007] innan
áhrifasvæðis framkvæmdanna
Kort 6 Skali 1:2000 15.12.2025

Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

— Skráningarsvæði
— Áætluð strenglög
— Miðlína vegar

○ Staðsetning minja
■ Mælingar - Flákar
— Mælingar - Línur

0 50 100 m

Þjóðbraut [3508-008], mylla [3508-009], hesthús
[3508-010] og Jarðbrú [3508-011] við áhrifsvæði
framkvæmdanna. Minjarnar eru horfnar
Kort 7 Skali 1:3000 15.12.2025

Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

— Skráningarsvæði
— Áætluð strenglög
— Miðlína vegar

○ Staðsetning minja
■ Mælingar - Flákar
— Mælingar - Línur

0 50 100 m

Hjallarjómabú [3508-012] og Gamla Þjóðleiðin
[3508-013] innan áhrifasvæðis framkvæmdanna.
Minjarnar eru horfnar
Kort 8 Skali 1:3000 15.12.2025

Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA
Fornleifadeild

— Skráningarsvæði
— Áætluð strenglög
— Miðlína vegar

○ Staðsetning minja
■ Mælingar - Flákar
— Mælingar - Línur

0 50 100 m

Þorgrímsgata [3508-014] innan áhrifasvæðis
framkvæmdanna. Minjarnar eru horfnar
Kort 9 Skali 1:2000 15.12.2025

Náttúrustofa Vestfjarða Atli Rúnarsson